

Hengifossskýrsla 2023



Menningarmálastofnun
Sameinuðu þjóðanna



Vatnajökulsþjóðgarður
Lifandi samspil elds og íss
Samþykktur á heimsminjaskrá 2019

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
1 Eftirlit landvarða	1
2 Fjöldi ferðamanna	2
2.1 Tekið saman í janúar 2024	3
3 Fræðsla	4
3.1 Skipulag fræðslu við Hengifoss frá 2013-2022:	5
4 Ástand gönguleiða	5
5 Viðhald og framkvæmdir	8
5.1 Ábendingar frá landvörðum:	9
6 Öryggismál	10
7 Samvinna	10
7.1 Vatnajökulspjóðgarður og Fljótsdalshreppur	10
7.2 VJÞ, Fljótsdalshreppur, Gunnarsstofnun og ábúendur á Melum	10
8 Viðaukar	11
8.1 Viðauki 1 – Gögn um fjölda gesta við Hengifoss	11
8.2 Viðauki 2 – Samningur milli Vatnajökulspjóðgarðs og Fljótsdalshrepps	12
8.3 Viðauki 3 – Loftmynd af Hengifosssvæðinu	13

1 Eftirlit landvarða

Reglubundnar eftirlitsferðir landvarðar hófust í júní. Samtals voru farnar 40 ferðir á tímabilinu 5. júní til 12. september. Að meðaltali tók ferðin rúmlega 2 klst. en í heildina voru landverðir 92 klst. á svæðinu yfir tímabilið. Yfirleitt fór einn landvörður í eftirlitsferð en það kom þó fyrir að tveir landverðir fóru saman eða í um fjórðung skipta.

Göngustígurinn innan við Hengifossárgil kom illa undan vetri. Mikið hafði runnið úr stígnum á löngum köflum, þar á meðal hafði runnið undan pöllunum sem komið var fyrir inni í gili sumarið 2020. Bönd sem upp sumarið 2022 höfðu víða slitnað. utan við Hengifossárgil stóð veturinn og engar úrbætur voru þarfar á Hins vegar er sá stígur of brattur á sem gerir göngufólki erfitt fyrir. Ytri-Sellækur var farinn að renna með göngustígnum og göngufólk átti það út fyrir stíginn til að forðast bleytuna.

Helstu verkefni landvarða voru fræðslugöngur, ruslatínsla, upplýsingagjöf, viðhald á stígum en utanumhald um vinnu sjálfbóðaliða Umhverfisstofnun sem dvöldu á svæðinu í samtals 10 daga yfir sumarið. Auk þess framkvæmdi starfsfólk Vatnajökulspjóðgarðs ástandsmat á svæðinu og skrifaði þessa skýrslu.



sett voru Stígurinn vel af sér honum. köflum

til að fara

einnig frá


Mynd SEQ Mynd * ARABIC 1: Runnið hafði úr stígnum á löngum köflum. Ljósmyndari: Ragna Fanney Jóhannsdóttir.

2 Fjöldi ferðamanna

Fljótsdalshreppur keypti SensMax teljara í apríl 2018 og eru til daglegar gestatölur síðan þá. Tölur yfir gestafjölda fyrir allt árið eru því til frá árinu 2019. Ferðamálastofa setti upp teljara við Hengifoss í júní 2021 og tók hann þá við af SensMax teljaranum sem Gunnarsstofnun hefur séð um. Undir lok sumars 2022 var opnuð hringleið og er því gengið inn á svæðið á tveimur stöðum en einungis er teljari á öðrum staðnum. Gert er ráð fyrir að um 7% ferðamanna gangi sömu leið til baka, mældur fjöldi er því tvöfaldaður og 93% af því talinn nálægt raunverulegum fjölda.


Fjöldi gesta yfir sumarmánuðina júní, júlí og ágúst árið 2023 var 67.458 gestir sem er rúmlega 20% aukning frá því sumarið áður. Ágúst er stærsti mánuður ársins líkt og fyrri ár en nú voru gestir rúmlega 28.000. Í viðauka 1 má finna töluleg gögn frá 2013 til 2023.

Annar teljari á vegum Ferðamálastofu var settur upp við upphaf nýja göngustígsins þann 26. september 2023 og því þarf ekki að framkvæma leiðréttingu á gögnum eftir það.




2.1 Tekið saman í janúar 2024

Heildarfjöldi gesta við Hengifoss árið 2023 var 111.281 manns sem samsvarar 26% aukningu frá árinu áður. Skemmtilegt er að sjá að aukningin er nokkuð línuleg að heimsfaraldursárunum undanskildum



Tæplega 90% gesta heimsækja svæðið yfir helstu sumarmánuðina maí-september og þar af um 25% í ágúst. Hins vegar ef breytingar milli mánaða árin 2022 og 2023 eru skoðaðar sést að mesta aukningin er frá desember og fram á vorið. Aukningin er minni yfir sumarmánuðina og þvert á móti er fækkun í október og nóvember.



3 Fræðsla

Í júlí voru fræðslugöngur landvarða alla virka daga klukkan 10. Göngurnar voru auglýstar í fræðsludagskrá Þjóðgarðsins og með Facebook viðburði. Fræðsludagskrá Þjóðgarðsins var prentuð út í nokkrum eintökum og hengd upp víðsvegar um svæðið. Landverðir hvöttu gesti Snæfellsstofu til að mæta sem og gesti við Hengifoss. Felliskilti var við bílastæði þar sem stóð hvar ætti að hittast fyrir gönguna.

Mætt var í 5 af 27 auglýstum fræðslugöngum yfir fræðslutímabilið. Göngurnar voru farnar upp að Litlanesfossi og tóku að meðaltali um 50 mínútur. Landverðir nýta enn fræðsluhandrit sem Þórveig Jóhannsdóttir tók saman fyrir nokkrum árum. Gangan ber nafnið „Dropinn holar steinninn“ og er þar lögð áhersla á jarðfræði og kraft vatns.



Skipulag fræðslu við Hengifoss hefur verið ýmiskonar á þessum árum hvað varðar fjölda, dag- og tímasetningar. Í ár voru göngur alla virka daga á tímabilinu 28. júní til 6. ágúst. Gestir sem mættu í fræðslugöngu voru 17 sem er töluverð fækkun frá því í fyrra en þá mættu tæplega 50 gestir. Kalt var í veðri yfir fræðslutímabilið sem mögulega skýrir þessa fækkun. Gestir sem mættu höfðu ýmist séð gönguna auglýsta en einnig náði landvörður gestum með sér af bílastæðinu sem vissu ekki af göngunni fyrir komu sína.

3.1 Skipulag fræðslu við Hengifoss frá 2013-2022:

- Sumarið 2013 – 13 göngur með samtals 47 gesti. Boðið var upp á göngu alla daga á fræðslutímabilinu, 22. júní – 12. ágúst.
- Sumarið 2014 – Auglýstar göngur daglega á fræðslutímabili, 22. júní – 12. ágúst. Finn ekki þátttökutölur, bara upplýsingar um að lítil þátttaka hafi verið í göngur.
- Sumarið 2015 – Fjórar göngur með 15 gesti. Boðið upp á göngu alla laugardaga á fræðslutímabilinu, 22. júní – 14. ágúst.
- Sumarið 2016 – Ein ganga með 5 gesti. Boðið var upp á göngu alla laugardaga á fræðslutímabilinu, 22. júní – 14. ágúst, samtals sjö göngur.
- Sumarið 2017 – Sex göngur með 27 gesti. Boðið upp á sex göngur á fræðslutímabilinu, 22. júní – 14. ágúst, og eina sér göngu 17. september.
- Sumarið 2018 – Ein ganga með 5 gesti. Boðið upp á 2 göngur 29. júlí kl. 10 og kl. 15.
- Sumarið 2019 – 6 göngur með 38 gesti. Boðið upp á 5 göngur, alla mánudaga í júlí kl. 10. Ein auka ganga farin fimmtudaginn 18. júlí.
- Sumarið 2020 – 19 göngur með 76 gesti. Boðið upp á göngur alla daga frá 22. júní til 14. ágúst kl. 10.
- Sumarið 2021 – 3 göngur með 5 gestum. Boðið upp göngur alla daga frá 24. júní – 31. júlí kl. 10.
- Sumarið 2022 – 13 göngur með 48 gesti, þar af þrjár utan auglýsts fræðslutímabils. Boðið upp á göngur alla virka daga í júlí.
- Sumarið 2023 – 5 göngur með 17 gesti. Boðið upp á göngur alla virka daga frá 28. júní - 6. ágúst 2023.

4 Ástand gönguleiða

Sumarið 2022 voru settar upp göngubrýr á tveimur stöðum yfir Hengifossá og stígur lagður utan við Hengifossárgil. Nú geta því gestir gengið hringleið sem minnkar álagið á stígnum innan við gilið. Eldri stígurinn kom illa undan vetri, mikið hafði runnið úr stígnum og undan trépöllum sem settir voru upp sumarið 2021. Við það urðu pallarnir mjög valtir og gestir gengu frekar utan við stíginn. Á svæðinu framan við Ytri-Sellæk myndast mikil drulla þegar rignir ásamt því að lækurinn er farinn að mynda sér farveg í gönguleiðinni. Trépallarnir eru farnir að veðrast ágætlega og verða ekki eins sleipir í bleytu og áður.




Sumarið
2022 var
mikil
áhersla
lögð á
afmörkun



gönguleiða og útsýnisstaða með staurum og böndum.
Á svæðum sem höfðu verið illa troðinn er gróður

farinn að ná sér á strik.



Mynd SEQ Mynd 1* ARABIC 7: Svæði afmarkað
í júlí 2022. Mynd tekin 6. september 2023.
Ljósmyndari: Rán Finnsdóttir.

Þó ástandið sé betra á svæðum sem hafa verið afmörkuð eru allmörg svæði þar sem gestir fara út fyrir stíginn og gróður er farinn að hnigna. Villustígar hafa myndast á fjórum stöðum, þó misskýrir. Á nýja stígnum utan við gilið er mölin víða laus og veldur því að gestir ganga í grasinu til hliðar við stíginn. Á brattasta kaflanum hefur mölin einnig runnið til og grjót farið að koma upp.



5 Viðhald og framkvæmdir

Í sumar komu tvö teymi sjálfbóðaliða frá Umhverfisstofnun, fyrra teymið dagana 26.-30. júní og það seinna 24.-28. júlí. Þau unnu ýmis verkefni á gönguleiðinni.

Fyrsta verkefnið var að laga tréþallana eftir grjóthrunið 2021 og úrrennslið síðastliðinn vetur. Þallarnir voru réttir af en þar sem grjót lá sum staðar enn á pöllunum sem ekki var hægt að færa var hellulagt meðfram stígnum svo hægt væri að mætast á honum. Ekki var hægt að rétta alla palla af svo öruggt væri að ganga á þeim en þá voru þallarnir fjarlægðir og hellulagt meðfram úrrennslinu. Við endann á gönguleiðinni voru einnig lagðar grjótttröppur niður í árfarveg Hengifossár.

Næst færðu þau sig á nýja stíginn utan við gilið og unnu að því að fela villustíg sem hafði myndast út á lítinn bergstapa en þaðan er hnífbratt niður í gilið. Bönd voru sett upp til að loka svæðinu og áfram upp með gílinu þar sem jarvegur er óstöðugur á klettabrúnunum.

Á næsta hjalla ofan við bergstapann er gróður orðinn mjög troðinn og stutt í að það myndist rof í gróðurþekjuna. Sett voru upp bönd til að koma í veg fyrir frekari ágang á gróðurinn.

Í ágúst voru verktakar fengnir til að laga göngustíginn innan við gilið þar sem úrrennsli hafði verið mikið. Stígurinn var sléttaður og í hann borin ný möl.



5.1 Ábendingar frá landvörðum:

- Koma þarf í veg fyrir frekari ágang á gróður. Setja þarf upp stauro og bönd á stærstum hluta nýju gönguleiðarinnar ásamt því að halda áfram að afmarka gamla stíginn.
- Æskilegt væri að beina umferð sama hringinn með einhvers konar stýringu.
- Gestir leita í betra útsýni yfir gilið og fara því út fyrir stíginn. Skipuleggja þarf útsýnisstaði á nýja stígnum utan við gilið. Einnig þarf að endurskoða skipulag á núverandi útsýnisstöðum.
- Mikilvægt er að loka fyrir villustíga sem fyrst.
- Ytri-Sellækur hefur verið til vandræða. Koma þarf í veg fyrir að vatn renni inn á gönguleiðina.
- Innan við Ytri-Sellæk þarf að klöngrast yfir grjót sem féll árið 2021. Skoða þarf úrbætur þar.
- Drena þarf stíginn betur. Rennur hafa ekki dugað.
- Endurhugsa þarf staði þar sem plastmottur gegna ekki sínu verki nógu vel.

- Við endann á gönguleiðinni mætti vera skýrara að leyfilegt er að fara lengra en á sama tíma vara við hættunni, t.d. „proceed with caution“ skilti.
- Skiltin á svæðinu eru sum hver orðin gömul og úrelt. Það þyrfti að uppfæra þau eða fjarlægja og samræma, bæði á gönguleið og niðri við bílastæði.
- Sorpmál þarf að endurskoða. Meta þarf hvort sorptunnur séu nauðsynlegar á svæðinu. Ef svo er þá þyrfti að bjóða upp á að skila af sér flokkuðu sorpi.
- Stubbahús nálægt bílastæði væri sniðugt þar sem stór hluti af rusli eru sígarettustubbar.
- Væri gott að fá verkfærakassa ofarlega á gönguleiðinni þar sem sleggja, jarnkarl, skófla og sópur væru geymd allt árið. Þessi verkfærakassi gæti verið útfærður sem bekkur sem hægt væri að opna, og sækja dót í.

6 Öryggismál

Allir landverðir sem vinna á svæðinu eru með gild fyrstu hjálpar réttindi. Sumarið 2022 fengum við björgunarsveitina Hérað í spjall við landverði um að taka þátt í aðgerðum ef slys yrði við Hengifoss. Í sumar var síðan tveimur sexhjólum á vegum björgunarsveitarinnar komið fyrir við bílskúrinn í Snæfellsstofu. Á öðru sexhjólinu eru sjúkrabörur. Lyklar af hjólunum eru staðsettir í bílskúrnum ásamt tilbúnum sjúkratöskum. Önnur með teppum og hin með grunnbúnaði fyrir fyrstu hjálp. Landverðir fengu æfingu í akstri sexhjólanna og leiðbeiningar um aðkomu að gönguleiðinni sem liggur í gegnum Mela. Landvörðum stóð til boða að skrá sig í björgunarsveitina Hérað og fá skilaboð ef slys verður á svæðinu sem þeir gerðu allir með tölu. Samstarfið gafst vel og verður vonandi haldið áfram. Öryggisáætlun vantar fyrir svæðið ásamt ítarlegri leiðbeiningum fyrir viðbragðsaðila.

Vatnajökulspjóðgarði bærust ekki tilkynningar um slys eða óhöpp á svæðinu þetta árið.

7 Samvinna

7.1 Vatnajökulspjóðgarður og Fljótsdalshreppur

Samningur var uppfærður á milli sveitarfélags og Vatnajökulspjóðgarðs. Sjá viðauka 2.

Landverðir héldu áfram utan um viðverutíma við Hengifoss eins og gert hefur verið síðastliðin sumur ásamt því að skrifa í dagbók eftir hverja ferð. Dagbókin geymir ítarlegri upplýsingar um verkefnin sem voru unnin, veðurfar og eins verkefni sem þarf að sinna.

7.2 VJÞ, Fljótsdalshreppur, Gunnarsstofnun og ábúendur á Melum

Árið 2022 var haldinn fundur um svæðið með starfsfólki Vatnajökulspjóðgarðs, sveitarstjóra og ábúendum á Melum, auk þess sem fulltrúi Gunnarsstofnunar var boðaður. Farið var yfir ýmislegt sem tengist áfangastaðnum svo sem framkvæmdir, landvörslu, ástandsmat, styrki, gestafjölda, merkingar, sjálfboðaliða, öryggismál og fleira. Æskilegt væri að halda slíkan samráðsfund árlega.

8 Viðaukar

8.1 Viðauki 1 – Gögn um fjölda gesta við Hengifoss

Mánuður	Gestafjöldi árið 2013	Meðalfjöldi gesta á dag 2013	Gestafjöldi árið 2014	Meðalfjöldi gesta á dag 2014	Gestafjöldi árið 2015	Meðalfjöldi gesta á dag 2015	Gestafjöldi árið 2016	Meðalfjöldi gesta á dag 2016	Gestafjöldi árið 2017	Meðalfjöldi gesta á dag 2017	Gestafjöldi árið 2018	Meðalfjöldi gesta á dag 2018	Gestafjöldi árið 2019	Meðalfjöldi gesta á dag 2019	Gestafjöldi árið 2020	Meðalfjöldi gesta á dag 2020	Gestafjöldi árið 2021	Meðalfjöldi gesta á dag 2021	Gestafjöldi á dag 2022 með upplýðunum v. hringlendar	Meðalfjöldi gesta á dag 2022 með upplýðunum v. hringlendar	Gestafjöldi 2023 með upplýðunum v. hringlendar	Meðalfjöldi gesta á dag 2023 með upplýðunum v. hringlendar
Janúar													354	11	285	9	205	1	217	7	465	15
Febrúar													501	18	751	24	346	1	336	11	1382	49
Mars													2042	66	1145	37	1357	4	1364	44	1786	58
Apríl	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1025	33	3416	114	314	10	2962	8	2970	96	5388	180
Mai	0	0	1888	63	0	0	0	0	0	0	6357	205	5509	178	793	26	6905	19	8084	261	11551	373
Júní	4468	149	7566	252	11726	391	16484	549	14460	482	10236	341	11674	389	3309	107	2524	7	14378	479	19032	634
Júlí	10581	341	13278	443	13520	451	13907	464	23848	769	16815	542	17534	566	12152	392	11693	32	18595	600	20170	651
Ágúst	7630	246	8900	297	10529	351	13620	454	16875	544	16698	539	23276	751	16328	527	13188	36	21861	705	28257	912
September	2062	69	4138	138	5633	188	3827	128	9194	306	11198	373	11857	395	1525	49	9150	25	13738	458	17677	589
Oktober	0	0	841	28	1092	36	2091	70	3278	106	4263	138	4844	156	453	15	3667	10	5461	176	4310	139
Nóvember	0	0	0	0	210	7	0	0	0	0	777	26	1303	43	179	6	1222	3	1202	39	1060	35
Desember	0	0	0	0	210	7	0	0	0	0	335	11	346	11	125	4	169	0	111	4	204	7
Heildarfjöldi	24741	68	36611	100	42709	117	49928	136	67664	185	67704	185	82656	226	37359	102	53388	146	88317	242	111281	305
Aukning			11870		6088		7219		17726		50		14952		-45297		16029		34929		22964	

8.2 Viðauki 2 – Samningur milli Vatnajökulspjóðgarðs og Fljótsdalshrepps

Samningur milli Vatnajökulspjóðgarðs kt. 441007-0940 og Fljótsdalshrepps kt. 550169-5339 vegna sérfræðipjónustu.

Hengifoss sumarið 2023

Vatnajökulspjóðgarður, Snæfellsstofa á Skriðuklaustri, og Fljótsdalshreppur gera með sér svohljóðandi samning um kaup Fljótsdalshrepps á sérfræðipjónustu af Vatnajökulspjóðgarði.

Gildistími

Samningur þessi tekur til tímabilsins 1. júní – 31. ágúst 2023.

Tilgangur

Vatnajökulspjóðgarður, Snæfellsstofa á Skriðuklaustri tekur að sér ráðgjöf, umsjón og eftirlit við Hengifoss svo sem nánar er kveðið á um hér á eftir:

Svæðið

Bílastæði við Hengifoss og gönguleiðin upp að Litlanesfossi og Hengifossi.

Sérfræðipjónusta

Starfsmenn Vatnajökulspjóðgarðs í Snæfellsstofu fara yfir háannatíma 1. júní -31. ágúst reglulegar eftirlitsferðir frá Snæfellsstofu. Landverðir fylgjast með gönguleið og aðstæðum, leiðbeina gestum og tína rusl. Landverðir gefa sig á tal við gesti og veita þeim upplýsingar. Á fræðslutímabilinu (28.6.2023 -6.8.2023) verða fræðslugöngur með landverði.

Skýrslu um verkefnið er skilað.

Forsendur kostnaðar

Landvarsla, akstur til og frá Snæfellsstofu og úrvinnsla gagna.

Samningur um kaup Fljótsdalshrepps á sérfræðipjónustu af Vatnajökulspjóðgarði hljóðar upp á 1.000.000 kr.- Eina milljón.

Ákvæði um endurskoðun og áframhald

Við lok samningstímans meta samningsaðilar árangur starfsins og taka afstöðu til áframhaldandi samstarfs vegna sumarsins 2024.

8.3 Viðauki 3 – Loftmynd af Hengifosssvæðinu

